

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknarsvið



Fornleifaskráning 2019

Leiti í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leiti.....	2
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	4
Skráning.....	6
Lokaorð	15
Heimildir:.....	15
Viðauki:	16

Inngangur

Að beiðni byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar var gerð úttekt með tilliti til fornminja vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á lóð L226880, Rósalundur í landi Leitis í Suðursveit, líkt og lög gera ráð fyrir.¹ Farið var á vettvang 29. mars 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúru-landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Skjáskot af kortavefsjá sveitarfélagsins sem sýnir staðsetningu lóðarinnar Rósalundur (gulur hringur) innan jarðamarka Leitis. ©Loftmyndir ehf.

Leiti

Leiti (L160137) er ein af fyrrum hjáleigum í landi Kálfafellsstaðar í Suðursveit og stendur sunnan undir Kálfafellsfjalli. Kálfafellsstaður er fornt býli, og rekur búsetusögu sína allt aftur til sögualdar. Í Njálssögu segir að þar hafi búið Kólar Þorsteinsson, frændi Síðu-Halls og tekið kristna trú af Þangbrandi presti og öll hans hjú og reisti kirkju fljótlega eftir kristnitöku.² Í upphafi var Kálfafellstaður og Kálfafell ein og sama jörðin en eftir lok staðamála 1397 fer kirkjujörðin undir forræði biskups

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

² Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 193

og varð *-staður* en bóndanum fært til eignar jarðapartur sem nefndist Kálfafell innra.³ Nær samfelld búseta hefur verið á Kálfafellsjörðinni frá því hennar er fyrst getið í heimildum. Á Leiti hefur búseta verið með hléum allt aftur til 1700.⁴ Frá 1783 til 1907 var Leiti í eyði fyrir utan árin 1840-1850, en þá var þar búið í nokkur ár. Eftir það var hjáleigan lögð undir staðinn og nýtt þaðan fram til 1907, en það ár hófst búseta á Leiti á ný. Í sýslu- og sóknarlýsingum Kálfafellsstaðarsóknar frá 1855 segir um lafndgæði Kálfafellsstaðar: „*Lýsing á býlum þessum verður hin sama að kostum og ókostum sem á Kálfafellsstað. ... Jörðin er mjög kostalítill og að kalla beitolandslaus, túnin undirlögð stórskriðuáhlaupum og standa öll á skriðu með þunnri grasrót, ... fyrir 12 árum, sáust hér ... engin tún.*“⁵ Samkvæmt jarðatali Johnsens frá 1847 er dýrleiki Kálfafellsstaðar 10 hundruð, landskuld 0,100, kúgildi 12 en Leiti 3 hundruð að dýrleika líkt og aðrar hjáleigur staðarins á þeim tíma, Brunnar, Hellrar og Butra.⁶

Formlegri búsetu á Leiti lauk um 1986.⁷



Mynd 2. Jörðin Leiti í Suðursveit, horft til suðurs úr brekkunni ofan við bæjarstæðið. Ljós. SGB, mars 2019.

³ Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 193

⁴ Mannatal 1703

⁵ Þorsteinn Einarsson, 1997, bls. 135.

⁶ Johnsen, 1847, bls. 5

⁷ Björn Þorbergsson, munnleg heimild 2019.

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.


Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af

náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Skráning

Samtals voru skráðir 8 minarstaðir í þessari úttekt. Enginn þeirra eru innan lóðarmarka (mynd 3) en eftirfarandi minjar voru skráðar samkvæmt staðli Minjastofnunar.



Mynd 3. Minjaskráningu að Leiti varpað á loftmynd. ©Loftmyndir ehf. Kortag: SGB, mars 2019

Auðkennisnúmer: 2020:001

Staðsetning: A 651565.456 – N 412334.695

Sérheiti: Leiti

Tegund: Heimild

Hlutverk: Hýbýli

Aldur frá: 800

Aldur til: 1939

Friðlýst: Nei


Ástand: Horfið vegna sléttunar

Hætta: Engin hætta

Lýsing: Bæjarstæðið hefur að öllum líkindum verið á sama stað í gegnum aldirnar. Núverandi byggingar á bæjarhlaðinu hafa því verið reystar ofan á eldri byggingareiti (sjá mynd 4). Af túnakorti frá 1918 er ekki hægt að leggja mat á hvar bæjarhús þess tíma hafi staðið nákvæmlega á bæjarhólnum (sjá mynd 5).



Mynd 4. Eldri bæjarhús stóðu nokkurn veginn á sama stað og núverandi útihús og skemmur standa í dag. Ljósmynd, mars 2019.



Mynd 5. Túnakort af Kálafellsstaðarleiti teiknað af Halldóri Einarssyni, Hólmi 1918. Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands

Auðkennisnúmer: 2020:002

Staðsetning: A 651604.412 – N 412393.652

Sérheiti:

Tegund: Hús

Hlutverk: Hesthús og hlaða

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Heillegar minjar

Hætta: Engin hættu

Vegghæð frá: 1,0 m


Vegghæð til: 3,0 m

Veggjabreidd: 0,0 m

Lýsing: Hesthús og hlaða undir þaki, grjóthlaðnir veggir með timburgöflum klæddir bárujárni. Dyr snúa mót suðri (mynd 6a og b).



Mynd 6a. Hesthús og hlaða (002). Líósm. SGB, mars 2019.



Mynd 6b. Uppmæling af skráningu 002, hesthús og hlaða.

Auðkennisnúmer: 2020:003

Staðsetning: A 651548.024 – N 412390.697

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Fjárhús og hlaða

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Greinanlegar minjar

Hætta: Engin hættu

Vegghæð frá: 1,0 m


Vegghæð til: 3,0 m

Veggjabreidd: 0,8 m

Lýsing: Veggjahleðslur ofan við núverandi bæjarhús, áfast við yngri byggingu, fjárhús og hlaða (sjá mynd 7a og b).



Mynd 7a. Hluti af veggjahleðslu 003. Horft til norðurs.
Ljósm. SGB, mars 2019.



Mynd 7b. Uppmæling á 003, Fjárhús og hlaða.

Auðkennisnúmer: 2020:004

Staðsetning: A 651522.499 – N 412442.395

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Hesthús

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Vel greinanlegar minjar

Hætta: Engin hætta

Vegghæð frá: 0,7 m


Vegghæð til: 1,5 m

Veggjabreidd: 0,5 m

Lýsing: Einhólfa tóft up.b. 5 m á lengd og 7 m á breidd, hlaðin úr torfi og grjóti og snýr N-S (sjá mynd 8a og b).



Mynd 8a. Tóft 004. Horft til norðurs. Lósm. SGB, mars 2019.



Mynd 8b. Uppmæling á tóft 004, hesthús.

Auðkennisnúmer: 2020:005

Staðsetning: A 651533.924 – N 412477.889

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Lambakofi

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Vel greinanlegar minjar

Hætta: Engin hætta

Vegghæð frá: 0,7 m


Vegghæð til: 1,5 m

Veggjabreidd: 0,7 m

Lýsing: Einhólfa tóft, um 30 m ofan við tóft 004. Tóftin er u.þ.b. 8,5 m á lengd og 5,5 m á breidd með dyraop til SSA (sjá mynd 9a og b).



Mynd 9a . Einhólfa tóft 005. Ljósm. SGB, mars 2019.



Mynd 9b. Uppmæling af tóft 005, lambakofi

Auðkennisnúmer: 2020:006

Staðsetning: A 651532.114 – N 412487.974

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Sauðakofi

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand: Greinanlegar minjar

Hætta: Engin hætta

Vegghæð frá: 0,3 m


Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Vallargróin einhólfa tóft, u.þ.b. 4 x 5 m. Hún er staðsett rétt ofan við tóft 005, opin til SSA (sjá mynd 10a og b). Þessi tóft er mjög gömul.



Mynd 10a. Tóft 006 er mikið vallargróin og er líklega mjög gömul. Ljós. SGB, mars 2019.



Mynd 10b. Uppmæling af tóft 006, sauðakofi.

Auðkennisnúmer: 2020:007

Staðsetning: A 651569.426 – N 412499.020

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Fjárhús og hlaða

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Vel greinanlegar minjar



Mynd 11a. Þríhólfa tóft 007, horft til suðurs. Sjá fleiri myndir af tóftinn í viðauka. Ljós. SGB, mars 2019.


Hætta: Engin hætta

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Tvíhólfa tóft með aðhaldi eða hlöðu, rúma 30 m austan við tóftir 005 og 006. Stærð u.þ.b. 17 x 9,5 m og snýr NNV-SSA (sjá mynd 11a og b).



Mynd 11b. Uppmæling af tóft 007, fjárhús og hlaða.

Auðkennisnúmer: 2020:008

Staðsetning: A 651671.873 – N 412336.049

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Hesthús

Aldur frá: 1907

Aldur til: 1986

Friðlýst: Nei

Ástand: Vel greinanlegar minjar

Hætta: Hætta

Vegghæð frá: 0,5 m


Vegghæð til: 1,0 m

Veggjabreidd: 0,8 m

Lýsing: Einhólfa tóft, u.þ.b. 7 x 8 m að stærð, snýr A-V með dyraop til austurs. Grjóthleðsla er farin að hrynja úr syðri veggnum (sjá mynd 12a og b). Suðurgafi tóftarinnar liggur fast við lóðarmörkin Rósalund.



Mynd 12. Tóft 008, hesthús, horft til vesturs. Ljósm. SGB, mars 2019.



Mynd 12b. Uppmæling af tóft 008, hesthús.

Lokaorð

Í þessari úttekt fyrir minjar í landi Leitis í Suðursveit voru samtals 8 minjastaðir skráðir. Af þeim voru 5 tóftir, bæjarstæði, hlaðinn veggur úr húsi og hlaðið hús undir þaki. Minjastaðirnir eru allir utan við fyrirhugaðan framkvæmdareit eins og sjá má á mynd 3, þar sem staðsetning þeirra er varpað á loftmynd. Taka skal sérstaklega fram að tóft 008 er fast við lóðarmörkin (Rósalundur L226880). Meta má að tóftin sé í hættu vegna framkvæmda en Minjastofnun Íslands tekur afstöðu til þess.

Bent skal á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngripir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Heimildir:

Björn Þorbergsson (2019). Munnleg heimild.

Johnsen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, J.Johnsen.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmyndagrunnur. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Manntal á Íslandi 1703 (1924-1947). Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík, Hagstofa Íslands.

Þorsteinn Einarsson (1997). Kálfafellsstaðarsókn - ár 1855. Í Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (sáu um útgáfuna). *Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar Hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1873* (bls.125-143). Reykjavík: Sögufélag.

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Mýrarhrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. bindi* (bls. 131-264). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort. Sótt 01.04.2019 á
http://manntal.is/myndir/Tunakort/Skaftafellssysla/A-Skaftafellssysla/Borgarhafnarhreppur/Vefmyndir/Borgarhafnarhreppur_008.jpg

Viðauki:



Mynd 13. Tóft 007, miðhólf fjárhús og hlöðu. Horft til suðurs. Ljós. SGB, feb. 2019.



Mynd 14. Tóft 007, horft til suðausturs. Ljós SGB, feb. 2019.